

Orkustofnun
Grensásvegur 9
108 Reykjavík

Ísafjörður 13. Nóvember 2020

Efni: Athugasemd við kerfisáætlun Landsnets 2020 – 2029

Orkubú Vestfjarða lýsir ánægju sinni með að endurnýjun tengivirkis Landsnets í Breiðadal við Önundarfjörð sé komin á framkvæmdaáætlun, en telur afar mikilvægt að Landsnet leiti jafnframt allra leiða til að flýta framkvæmdum um tvö ár, þannig að hægt verði að spennusetja nýtt innvirki á árinu 2022.

Miklar truflanir í tengivirkinu í óveðrum í vetur sýndu svo um munar að það er ekki lengur hæft til að standa undir lágmarks afhendingaröryggi samkvæmt kröfum nútímans, enda hluti þess kominn vel á fimmtugsaldur. Landsnet hefur, í framkvæmdaáætlun fyrir árin 2021-2023, metið ástand virkisins bágborið og að það sé farið að verða ógn við afhendingaröryggi á Vestfjörðum. Orkubú Vestfjarða vill taka undir þetta mat Landsnets varðandi tengivirkið. Í virkinu kemur saman eina tenging Ísafjarðar og Bolungarvíkur við meginflutningskerfið um Breiðadalslínu 1 í Mjólka. Í Ísafjarðarbæ og Bolungarvík búa 67% Vestfirðinga.

Það ýtir enn undir skjót viðbrögð að samkvæmt samantekt Landsnets um aldur og ástand eigna í flutningskerfinu þá eru einungis þrjár af 14 eignum Landsnets í flutningskerfinu á Vestfjörðum yngri en 25 ára. Heilsufarsstuðull virkja Landsnets á Vestfjörðum sem Landsnet reiknar út frá rekstrarlegum þáttum viðkomandi virkis, truflanasögu, rekstrarkostnaði og ástandi sýnir það mjög glögg hversu mikil þörf er á endurnýjun í kerfinu á Vestfjörðum.


Graf Landsnets sem sýnir aldur og ástand eigna í flutningskerfinu sýnir að áberandi hátt hlutfall (9/14) eða 64% af eignum Landsnets á Vestfjörðum eru í neðri fjórðungi vinstra megin á grafinu, sem þýðir hvort tveggja að eignirnar séu gamlar og ástandið orðið bágborið. (Sjá mynd 3-16 *Ástandsmat eigna á Vestfjörðum á vef Landsnets Langtímaáætlun „Uppbygging í svæðisbundnum flutningskerfum“*)

(<https://www.landsnet.is/um-okkur/utgafa-og-samskipti/kerfisaetlun/langtimalaetlun/uppbygging-i-svaedisbundnum-flutningskerfum/>)

Landsnet metur þannig ástandið augljóslega langverst á Vestfjörðum í samanburði við aðra landshluta. Gera má ráð fyrir að eftir veturinn í vetur hafi matið á ástandi virkisins enn fallið í einkunn vegna langtíma straumleysis sökum seltu og snjóa.

Orkubú Vestfjarða telur því öll rök hníga að því að endurnýjun tengivirkisins í Breiðadal verði færð tveimur árum framur í verkefnaröð í framkvæmdaáætlun Landsnets árin 2021-2023.

Virðingarfyllst,
f.h. Orkubús Vestfjarða


Elías Jónatansson, orkubússtjóri

Afrit: LANDSNET